

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Austurhöfn.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 4. júní 2014 breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar vegna byggingarreita nr. 1, 2, 5, 6, 7, 8 og 10. Í breytingunni felst að legu Geirsgötu er breytt þannig að reitur nr. 2 minnkar og reitir nr. 5 og 6 stækka ásamt öðrum minniháttar breytingum.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hraunbær 102.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 6. júní 2014 breytingu á deiliskipulagi Árbæjar vegna lóðarinnar nr. 102C við Hraunbæ. Í breytingunni felst breyting á notkun hússins.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 10. júní 2014.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 25. júní 2014